

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir lögbýli, íbúðarhús
og sumarhús í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit skv. samþykkt nr. 302/2000 um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit skal vera sem hér segir:

Sorpgjald A	Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	kr. 21.000
Sorpgjald B	Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	kr. 9.240
Sorpgjald C	Sumarhús	kr. 7.560
Sorpgjald D	Lögbýli án búskapar	kr. 9.240
Sorpgjald E	Lögbýli með búskap	kr. 21.000

Samið verður sérstaklega við fyrirtæki.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu þann 8. janúar 2004, fyrri umræða var 30. desember 2003.

Litla-Hvammi, 16. janúar 2004.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Af köttum í Ísafjarðarbæ skal Ísafjarðarbær innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um kattahald nr. 925/2003.

2. gr.

Við leyfisveitingu katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr. 1.500
----------------------	-----------

3. gr.

Af leyfðum köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn köttur	kr. 1.500
-------------	-----------

4. gr.

Greiðslur vegna merkinga og trygginga eru innifaldar í leyfisgjaldi.